

Ed.

468. Frumvarp til laga

[246. mál]

um breyting á lögum nr. 19 11. febr. 1953, um ættleiðingu.

Flm.: Einar Ágústsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með leyfi forseta Íslands, sem dómsmálaráðherra veitir í umboði hans, getur sá, sem orðinn er 25 ára, tekið að sér kjörbarn.

Nú ættleiða hjón barn og nægir þá að annað þeirra sé orðið 25 ára. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má þó veita leyfi til ættleiðingar þegar annað hjóna hefur náð 20 ára aldri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um ættleiðingu eru orðin 22 ára gömul. Síðan hafa ungu fólki verið veitt aukin réttindi á ýmsum sviðum og þykir flutningsmanni rétt að svo sé einnig gert í þessu tilviki.

Nýmæli frumvarpsins er það, að dómsmálaráðherra er samkvæmt umboði forseta Íslands veitt leyfi til þess að veita leyfi til ættleiðingar, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, þegar annað hjóna er orðið 20 ára að aldri. Frumvarpið er sniðið að danskri fyrirmynd.